

Hagnaður 1.354 milljónir króna á 4. ársfjórðungi 2021

Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.522 millj. kr. samanborið við 5.372 millj. kr. á 4F 2020, sem samsvarar 21,4% hækkun milli ára.
- EBITDA nam 2.809 millj. kr. samanborið við 1.746 millj. kr. á 4F 2020, sem jafngildir 60,8% hækkun.
- Framlegð af vörusölu var 24,7% á 4F 2021 en framlegðin var 23,4% í sama fjórðungi árið áður.
- Hagnaður af sölu eigna nam 276 millj. kr. á 4F 2021.
- Hagnaður á 4F 2021 nam 1.354 millj. kr. samanborið við 526 millj. kr. á 4F 2020.
- Eigið fé í lok árs 2021 nam 33.910 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 39,4% samanborið við 35,7% í lok árs 2020.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru 23.309 millj. kr. í lok ársins samanborið við 29.986 millj. kr. í lok 2020 sem er lækkun um 6.677 millj. kr. á milli ára.

Milljónir króna	4F 2021	4F 2020	Breyt.	% Breyt.	12M 2021	12M 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	26.428	22.937	3.491	15,2%	98.736	86.260	12.476	14,5%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.522	5.372	1.150	21,4%	24.646	20.684	3.962	19,2%
Aðrar rekstrartekjur	724	473	251	53,0%	2.316	1.658	658	39,7%
EBITDA	2.809	1.746	1.062	60,8%	10.118	7.057	3.061	43,4%
EBIT	2.156	1.135	1.020	89,9%	7.660	4.429	3.232	73,0%
EBT	1.712	642	1.070	166,7%	6.161	2.778	3.383	121,8%
Hagnaður tímabilsins	1.354	526	828	157,5%	4.972	2.266	2.706	119,4%
Efnahagsreikningur					31.12.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					9.545	7.668	1.877	24,5%
Viðskiptakröfur					4.757	4.924	-166	-3,4%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					27.312	32.549	-5.237	-16,1%
Handbært fé					4.003	2.563	1.440	56,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					23.309	29.986	-6.677	-22,3%
Sjóðstreymi	4F 2021	4F 2020	Breyt.	% Breyt.	12M 2021	12M 2020	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	888	18	870	4854,7%	8.292	4.387	3.905	89,0%
Fjárfestingarhreyfingar	2.199	-979	3.178	-324,7%	2.104	-3.414	5.517	-161,6%
Fjármögnunarhreyfingar	-3.341	-1.455	-1.886	129,7%	-8.989	-3.800	-5.189	136,5%
Handbært fé í lok tímabils	4.003	2.563	1.440	56,2%	4.003	2.563	1.440	56,2%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	24,7%	23,4%	1,3%	5,4%	25,0%	24,0%	1,0%	4,1%
EBITDA/framlegð	43,1%	32,5%	10,6%	32,5%	41,1%	34,1%	6,9%	20,3%
Eiginfjárhlutfall	39,4%	35,7%	3,7%	10,4%	39,4%	35,7%	3,7%	10,5%
Laun/framlegð	47,1%	54,6%	-7,5%	-13,7%	47,3%	50,9%	-3,6%	-7,0%
Fjárfestingar	846	1.258	-412	-32,8%	2.381	3.842	-1.461	-38,0%
Veltuhraði birgða	8,2	8,6	-0,4	-4,7%	8,2	8,6	-0,4	-4,7%

Rekstur fjórða ársfjórðungs 2021

Rekstur félagsins á fjórða ársfjórðungi gekk vel. Rekstur N1, Krónunnar og ELKO var mun betri en á sama fjórðungi árið áður og í takt við væntingar stjórnenda. EBITDA félagsins nam 2.809 millj. kr. sem er 1.062 millj. kr. betri afkoma en í sama fjórðungi árið áður. EBITDA afkoma ársins 2021 nam 10.118 millj. kr sem er í takt við uppfærða EBIDTA spá frá 29. október 2021 sem gerði ráð fyrir að EBITDA afkoma ársins yrði á bilinu 9.800 – 10.200 millj. kr.

Tekjur fjórða ársfjórðungs

- Vöru- og þjónustusala nam 26.428 millj. kr. í 4F 2021 samanborið við 22.937 millj. kr. í 4F 2020, sem samsvarar 15,2% hækkun milli ára.
- Sala á dagvörum nam 12.970 millj. kr. og hækkar um 2,5% milli ára.
- Eldsneytis- og rafmagnssala nam 6.160 millj. kr. og hækkar um 54,1% á milli ára.
- Sala af raftækjum nam 4.783 millj. kr. á fjórðungnum sem er 15,2% aukning á milli ára.
- Sala á öðrum vörum nam 2.516 millj. kr. sem er 17,7% aukning milli ára.
- Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda fyrir árið 2020 hefur verið breytt til að samræma flokkun innan samstæðunnar. Áhrifin eru eingöngu innan hvers fjórðungs innan ársins 2020 en hefur engin áhrif á tölur fyrir allt árið.

Milljónir króna	4F 2021	4F 2020	Breyt.	% Breyt.	12M 2021	12M 2020	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	12.970	12.652	318	2,5%	51.861	47.680	4.181	8,8%
Eldsneyti og rafmagn	6.160	3.998	2.162	54,1%	23.798	18.639	5.159	27,7%
Raftæki	4.783	4.150	633	15,2%	15.326	12.941	2.385	18,4%
Aðrar vörur og þjónusta	2.516	2.137	379	17,7%	7.751	7.000	751	10,7%
Samtals vöru- og þjónustusala	26.428	22.937	3.491	15,2%	98.736	86.260	12.476	14,5%
Aðrar rekstrartekjur	724	473	251	53,0%	2.316	1.658	658	39,7%
Tekjur samtals	27.152	23.858	3.294	13,8%	101.052	87.918	13.134	14,9%

Sala á dagvörum jókst um 318 millj. kr. milli ára en bæði Krónan og N1 eiga sinn hlut í þeirri aukningu. Sala á eldsneyti og rafmagni eykst um 2.162 millj. kr. milli ára en eldsneytisverð á heimsmarkaði hækkaði að meðaltali um 90% milli ára. Sala á raftækjum hækkaði um 633 millj. kr. eða 15,2% og sala á öðrum vörum um 379 millj. kr.

Milljónir króna	4F 2021	4F 2020	Breyt.	% Breyt.	12M 2021	12M 2020	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	2.699	2.540	159	6,3%	12.334	10.616	1.719	16,2%
Eldsneyti og rafmagn	1.251	795	456	57,4%	5.234	3.997	1.237	30,9%
Raftæki	1.264	1.003	261	26,0%	3.985	3.141	844	26,9%
Aðrar vörur og þjónusta	1.307	1.034	273	26,4%	3.093	2.930	163	5,6%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.522	5.372	1.150	21,4%	24.646	20.684	3.962	19,2%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.522 millj. kr. samanborið við 5.372 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2020 sem er 21,4% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 2.699 millj. kr. sem er 6,3% aukning á milli ára.

9. feb. 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2021

Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.251 millj. kr. sem er um 57,4% aukning milli ára. Jákvæð áhrif vegna uppgjöra á varnarsamningum eldsneytis nema 142 millj. kr. milli ára.

Framlegð af raftækjasölu nam 1.264 millj. kr. sem er 26,0% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu var 1.307 millj. kr. sem er aukning um 26,4% milli ára.

Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda fyrir árið 2020 hefur verið breytt til að samræma flokkun innan samstæðunnar. Áhrifin eru eingöngu innan fjórðunga ársins 2020 þar sem vörusala og kostnaðarverð seldra vara hækka um sömu fjárhæð og framlegð flyst milli dagvöru og annara vöru og þjónustu. Breytingin hefur engin á ársreikning ársins 2021 eða samanburðartölur og hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðstreymi.

Rekstrarkostnaður fjórða ársfjórðungs

- Rekstrarkostnaður á 4F 2021 nam 4.437 millj. kr. og hækkar um 338 millj. kr. frá 4F 2020 sem er 8,3% hækkun á milli ára.
- Launakostnaður hækkar um 139 millj. kr. milli fjórðunga eða 4,8%.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 199 millj. kr. milli fjórðunga eða 17,1%.

Milljónir króna	4F 2021	4F 2020	Breyt.	% Breyt.	12M 2021	12M 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.072	2.933	139	4,8%	11.659	10.521	1.138	10,8%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	396	369	27	7,4%	1.519	1.530	-11	-0,8%
Víðhaldskostnaður	254	164	90	54,7%	908	672	237	35,2%
Sölu og markaðskostnaður	329	290	39	13,4%	1.217	991	227	22,9%
Samskiptakostnaður	203	204	-1	-0,7%	699	653	46	7,1%
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	142	123	19	15,4%	417	477	-60	-12,5%
Vátrygginga og tjónakostnaður	8	24	-16	-68,2%	201	154	47	30,3%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	-26	-12	-14	116,2%	11	53	-42	-79,8%
Annar kostnaður	59	3	56	1601,1%	213	235	-22	-9,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.364	1.166	199	17,1%	5.186	4.765	421	8,8%
Samtals rekstrarkostnaður	4.437	4.098	338	8,3%	16.844	15.286	1.559	10,2%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 4F 2021 nam 3.072 millj. kr. samanborið við 2.933 millj. kr. á 4F 2020 sem er 4,8% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.155 á fjórðungnum og lækkaði um 14 stöðugildi milli ára. Aukinn starfsmannakostnaður kemur inn á fjórðunginn milli ára. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu breytingu starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Starfsmannakostnaður samtals 4F 2020	2,933
Stöðugildi - breyting	-26
Samningsbundnar launahækkarnir	88
Orlofsskuldbinding	6
Annað	72
Starfsmannakostnaður samtals 4F 2021	3,072

9. feb. 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2021

Annar rekstrarkostnaður nam 1.364 millj. kr. samanborið við 1.166 millj. kr. á 4F 2020, sem er hækkun um 199 millj. kr. eða 17,1% milli ára. Viðhaldskostnaður hækkar um 90 millj. kr. en kostnaðurinn var óvenju lágur í fyrra á sama fjórðungi vegna áhrifa COVID. Sölu og markaðskostnaður eykst um 39 millj. kr. í takt við aukna sölu og meira markaðsstarfs.

Fjármagnsliðir á fjórða ársfjórðungi

- Nettó fjármagnskostnaður nam 443 millj. kr. samanborið við 493 millj. kr. á sama fjórðungi árið áður.

Milljónir króna	4F 2021	4F 2020	Breyt.	% Breyt.	12M 2021	12M 2020	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	28	24	3	14,0%	90	102	-12	-12,0%
Fjármagnsgjöld	-519	-468	-51	10,9%	-1.957	-2.044	87	-4,3%
Gengismunur	40	-80	120	-150,4%	67	23	44	187,6%
Áhrif hlutdeildarféлага	8	30	-22	-74,1%	301	268	33	12,3%
Samtals	-443	-493	50	-10,1%	-1.499	-1.651	152	-9,2%

Efnahagur og fjárhagsleg staða í árslok

- Samtals eignir námu 85.972 millj. kr. í lok ársins 2021 og hafa hækkað um 2.607 millj. kr. frá áramótum.
- Fasteignir félagsins voru hækkaðar í árslok um 2.027 millj. kr. vegna gangvirkisendurmats á fasteignum í eigin rekstri
- Eiginfjárhlutfall félagsins nam 39,4% í lok árs 2021 samanborið við 35,7% í lok árs 2020.
- Handbært fé nam 4.003 millj. kr. í lok árs 2021 sem er hækkun um 1.440 millj. kr. á árinu.

Milljónir króna	31.12.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.744	4.971	-227	-4,6%
Rekstrarfjármunir	32.544	32.297	247	0,8%
Leigugeignir	6.155	5.420	736	13,6%
Fjárfestingarfasteignir	6.100	7.467	-1.367	-18,3%
Birgðir	9.545	7.668	1.877	24,5%
Viðskiptakröfur	4.757	4.924	-166	-3,4%
Handbært fé	4.003	2.563	1.440	56,2%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	27.312	32.549	-5.237	-16,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	23.309	29.986	-6.677	-22,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir	29.731	35.596	-5.865	-16,5%
Eignfjárhlutfall	39,4%	35,7%	3,7%	10,4%
Veltuhraði vörubirgða	8,2	8,6	-0,4	-4,7%

9. feb. 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2021

Viðskiptavild nam 14.668 m.kr. og aðrar ófnislegar eignir 4.744 millj. kr. í lok ársins. Rekstarfjármunir námu 32.554 millj. kr. og fjárfestingarfasteignir 6.100 millj. kr. Gangvirðisendurmat fasteigna í eigin rekstri nam 2.027 millj. kr. til hækkunar á rekstrarfjármunum og á móti til hækkunar á eigin fé 1.621 millj. kr. og til hækkunar á tekjuskattsskuldbindingu 406 millj. kr. Birgðir félagsins hækka um 1.877 millj. kr. milli ára, þar af eldsneytisbirgðir um 1.534 millj. kr. sem skýrist af mestu leyti af hækkun eldsneytisverðs milli ára.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru samtals 23.309 milljónir króna sem er lækkun um 6.677 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárhlutfall félagsins nam 39,4% í lok árs 2021 samanborið við 35,7% í lok árs 2020. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

Sjóðstreymi og fjárfestingar á fjórða ársfjórðungi

- Handbært fé frá rekstri á 4F 2021 nam 888 millj. kr. samanborið við 18 millj. kr. á 4F 2020.
- Fjárfestingahreyfingar jákvæðar um 2.199 millj. kr., aukning um 3.178 millj. kr. milli ára.
- Fjármögnunarhreyfingar neikvæðar um 3.341 millj. kr., aukning um 1.886 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2021	4F 2020	Breyt.	% Breyt.	12M 2021	12M 2020	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	4.245	4.991	-746	-14,9%	2.563	5.369	-2.806	-52,3%
Handbært fé frá rekstri	888	18	870	4854,7%	8.292	4.387	3.905	89,0%
Fjárfestingarhreyfingar	2.199	-979	3.178	-324,7%	2.104	-3.414	5.517	-161,6%
Fjármögnunarhreyfingar	-3.341	-1.455	-1.886	129,7%	-8.989	-3.800	-5.189	136,5%
Gengismunur af handbæru fé	12	-12	24	-196,9%	33	21	12	55,3%
Breyting á handbæru fé	-242	-2.428	2.186	-90,0%	1.440	-2.806	4.246	-151,3%
Handbært fé í lok tímabils	4.003	2.563	1.440	56,2%	4.003	2.563	1.440	56,2%

Handbært fé frá rekstri á 4F 2021 nam 888 millj. kr. sem er lækkun um 870 millj. kr. milli ára. Félagið gerði nýjan samning við færsluhirði á fjórðungnum þar sem uppgjör á greiðslukortakröfum til félagsins var stytta. Jákvæð áhrif sjóðsflæðis á fjórðunginn nema um 400 millj. kr. Fjárfestingar á fjórðungnum námu 846 millj. kr. en sala eigna um 1.405 millj. kr. Eigin bréf voru keypt fyrir 669 millj. kr. og afborganir af vaxtaberandi lánum námu 2.544 millj. kr. á fjórðungnum. Handbært fé lækkaði um 242 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2021.

Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2022

EBITDA spá Festi fyrir árið 2022 er áætluð á bilinu 9.000 – 9.400 millj. kr.

Eftirfarandi þættir geta haft áhrif á rekstur félagsins:

- Hækkun á innfluttum vörum og hnökrar í aðfangakeðju á heimsmarkaði
- Órói á heimsmarkaðsverði eldsneytis og gengi ISK
- Óvissa vegna áhrifa COVID-19

Eiginfjárhlutfall félagsins er 39,4 % í lok ársins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Festi hefur skýra stefnu um fjármagnsskipan og mun t.d. við eignasölu koma fjármunum til hluthafa með kaupum á eigin bréfum, arðgreiðslum og/eða lækkun hlutafjár.

9. feb. 2022 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2021

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok árs 2021 nam 73,1 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 1.037 í lok árs 2021.

Kynningarfundur fimmtudaginn 10. febrúar 2022

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 10. febrúar 2022 í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Þór Kristófersson, forstjóri, mun kynna uppgjörið og svara spurningum ásamt Magnúsi Kr. Ingasyni, framkvæmdarstjóri fjármálasviðs.

Fundurinn hefst kl. 08:30. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://festi.is/r/fjarhagsupplysingar> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Aðalfundur 2022: 22. mars 2022
- 1F 2022: 4. maí 2022
- 2F 2022: 27. júlí 2022
- 3F 2022: 28. október 2022
- 4F 2022: 8. febrúar 2023
- Aðalfundur 2023: 22. mars 2023

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson forstjóri, (eggert@festi.is) og Magnús Kr. Ingason framkvæmdarstjóri fjármálasviðs, (mki@festi.is).